

## Samtök ferðaþjónustunnar

Borgartún 35  
105 Reykjavík  
Sími: 511 8000  
Símbref: 511 8008  
www.saf.is  
Netfang: info@saf.is

Alþingi  
Erindi nr. P 131/907  
komudagur 1.3. 2005



Samgöngunefnd Alþingis  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 28. febrúar 2005

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á vegagerð og veggjöldum, 43. mál.**

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreinda tillögu til umsagnar og vilja gera eftirfarandi athugasemdir.

Við meginefni tillögunnar, að unnin verði úttekt á kostum í vegagerð sem hægt sé að fjármagna með veggjöldum, eru ekki gerðar athugasemdir.

Samtökin vilja þó leggja áherslu á að brýnt sé að þeir sem aki um vegina geti valið hvort þeir aki gjaldskylda leið eða aðra leið sem er lengri en þó ekki verri. Þannig er sá valkostur að aka Hvalfjarðargöng og greiða veggjald eða fara fyrir fjörðinn án sérstakrar gjaldtöku mjög ásættanlegur. Ef valið stendur hins vegar um að fara gjaldskyldan vegakafli eða lítt viðhaldinn malarveg – jafnvel hættulegan – þá er ekki um að ræða raunverulegt val heldur nánast gjaldskyldu.

Samtökin vilja nota þetta tækifæri til að vara við hugmyndum um hálendisvegi sem ætlað er að tengja saman einstaka staði á landinu en skera frá stór landssvæði. Þannig myndi hálendisvegur frá Borgarfirði í Skagafjörð verða til þess að stór svæði á Vesturlandi og Norðurlandi vestra myndu einangrast og byggð þar lenda í enn frekari þrengingum en nú þegar er.

Samtökin líta á vegi á hálendi sem sérstaka upplifun sem er engu minni ástæða ferðar en áfangastaðurinn og því engin þörf að sá vegur sé beint strik sem lagt er til að komast sem fljótast milli A og B. Miklu nær er að leggja áherslu á að sníða vankanta af hringveginum og vegum að helstu ferðamannastöðum svo þeir séu sem greiðfærastir og öruggastir.

Góðir og greiðfærir vegir eru ein meginundirstaða ferðaþjónustunnar og því vilja samtökin koma sem mest að skipulagi þar sem hagsmunir ferðaþjónustu eru til staðar.

Virðingarfyllst  
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Erna Hauksdóttir  
framkvæmdastjóri